

Útgerðarminjasafnið á Grenivík

Grenivík 5. október 2023,

Fjárlaganefnd Alþingis,
b/t Jóns Magnússonar,
Alþingi,
150 Reykjavík.


Hér með fer ég undirrituð fyrir hönd Útgerðarminjasafnsins á Grenivík ses., kt. 550708-0510, fram á styrk að upphæð 5 millj.kr. til byggingar bátaskýlis fyrir Hermann TH 34.

Þannig er málum háttað að Útgerðarminjasafnið á Grenivík lét fyrir skömmu gera upp bátinn Hermann TH 34. Báturinn er súðbyrðingur smíðaður 1921 fyrir Stefán Stefánsson á Grenivík og eins og kunnugt er eru slíkir bátar á heimsminjaskrá. Að loknum viðgerðum á bátnum var okkur tjáð að ef báturinn stæði utan dyra yrði hann fljótt ónýtur.

Kom þá upp sú hugmynd að byggja skýli yfir bátinn. Búið er að teikna skýlið og framkvæmdir hafnar. Kostnaðaráætlun er upp á tæpar 14 millj.kr. Var hún gerð fyrir tveimur árum þannig að trúlega verður kostnaðurinn eitthvað meiri..

Þegar hugmyndin kom upp um bátaskýlið voru sjóðir Útgerðarminjasafnsins tómir en í dag er búið að safna um 9 millj.kr. Þeir sem hafa styrkt verkefnið eru að mestu útgerðir á svæðinu og opinberir sjóðir. Ef fjármagn fæst er reiknað með að verkinu ljúki á árinu 2024.

Virðingarfyllst,
F.h. Útgerðarminjasafnsins á Grenivík ses.


Guðný Sverrisdóttir,
Formaður stjórnar safnsins.

Fylgiskjal nr. 1: Teikningar af bátaskýlinu.
Fylgiskjal nr. 2: Kostnaðaráætlun.